

Garðfuglahelgin 2024

Hin hefðbundna Garðfuglahelgi Fuglaverndar var dagana 26. – 29. janúar 2024. Þátttaka var ágæt, athugunarstaðir voru alls 153 og sáust fuglar í 143 görðum (93,5%). Skráðir þátttakendur voru 202, sem var miklu betri þátttaka en í fyrra. Með aukinni þátttöku sjást fleiri fuglar og hafa þeir sjaldan verið fleiri en þessa helgi. Alls sáust 14.416 fuglar af 19 tegundum í görðum þátttakenda. Flestir fuglar sáust í garði á Stokkseyri (694) og flestar tegundir í garði í Árbæjarhverfi í Reykjavík (10, 1. tafla)).

Snjótittlingar voru helmingur þeirra fugla sem voru skráðir, 7017 fuglar á 77 (75,2%) athugunarstöðum og að meðaltali sáu athugendur 91 snjótittling. Enda var snjóhula víðast hvar á landinu þessa daga og þá sækja snjótittlingar í garða. Svartþrestir voru hins vegar skráðir á flestum athugunarstöðum (75,2%), stari og skógarþrestir sjást á aðeins færri stöðum, rúmlega helmingi þeirra, en starar voru hins vegar mun fleiri en skógarþrestirnir. Auðnutittlingur sást einnig víða, á tæplega helmingi athugunarstaða, þó svo að þeir væru að finnast sótt dauðir þennan veturinn eins og þann síðasta. Það hefur ekki reynst mögulegt að greina það sem var að draga þá til dauða, en það var a.m.k. ekki fuglaflensa, skv. upplýsingum frá Matvælastofnun. Gráþrestir sáust hjá um fjórðungi athugenda (1. mynd). Silkitoppur voru skráðar hjá mörgum og það er ljóst að töluvert af þeim hefur verið á ferðinni (19 athugunarstaðir og 70 fuglar). Hrafnar voru skráðir nokkuð víða, 121 fugl hjá um fjórðungi athugenda. Nokkrir glóbrystingar sjást og er greinilegt að þeir hafa komið í einhverju mæli um haustið, þeir þrouka af veturinn, þar sem þeim er gefið, og virðast hverfa svo að vori. Undirritaður fylgdist með tveimur glóbrystingum síðasta vetur og þeir virtust hafa það ágætt. Um vorið var annar þeirra aðeins byrjaður að syngja, en þeir voru svo horfnir í byrjun apríl. Bjarg/húsdúfur voru með algengara móti, 135 fuglar sáust á sex athugunarstöðum. Bjargdúfum er líklega að fjölga á suður- og suðvesturlandi og það endurspeglast í talningum þátttakenda. Músarrindlar og rjúpur sáust í fjórum görðum og það fáeinir fuglar. Grágæsir reka einnig inn nefið í fjórum görðum og þá gjarnan nokkrar saman eins og sést á meðaltalinu. Krossnefir og smyrlar sáust hjá nokkrum athugendum, en þessar tegundir eru ekki árvissar hjá þátttakendum Garðfuglahelgar. Nokkrar tegundir af máfum voru skráðar. Glókollur sást hjá tveimur athugendum, en brandugla, hettusöngvari, hrímtittlingur, stökkönd og tyrkjadúfa sáust í einum garði hver tegund (1. tafla).

Það verður áhugavert að sjá hvað landsmenn skrá hjá sér um komandi Garðfuglahelgi í lok janúar. Það verður reyndar líklega lítið um flækingsfugla þar sem haustveður báru fáa slíka til landsins.

Ólafur Einarsson

1. tafla. Tíðni fugla á athugunarstöðum og fjöldi þeirra í Garðfuglahelgi
Fuglaverndar 26.1–29.1 2024. Fjöldi athugunarstaða var 153, fuglar sáust á 143
athugunarstöðum, þátttakendur voru 202, alls sáust 14.416 fuglar og 19 tegundir.

Tegund	Athugunarstaðir	%	Fjöldi		Meðaltal
			fugla	%	
Svartþröstur	115	75,2	825	5,7	7
Skógarþröstur	87	56,9	1094	7,6	13
Stari	86	56,2	2968	20,6	35
Snjótittlingur	77	50,3	7017	48,7	91
Auðnutittlingur	73	47,7	1719	11,9	24
Gráþröstur	41	26,8	81	0,6	2
Hrafn	37	24,2	121	0,8	3
Silkitoppa	19	12,4	70	0,5	4
Glóbrystingur	7	4,6	7	0,05	1
Húsdúfa/bjargdúfa	6	3,9	135	0,9	23
Krossnefur	6	3,9	23	0,2	4
Smyrill	6	3,9	6	0,04	1
Grágæs	4	2,6	258	1,8	65
Músarrindill	4	2,6	5	0,0	1,3
Rjúpa	4	2,6	16	0,1	4,0
Hvítmáfur	2	1,3	6	0,04	3
Glókollur	2	1,3	3	0,02	2
Silfurmáfur	2	1,3	7	0,05	4
Stormmáfur	2	1,3	9	0,06	5
Bjartmáfur	1	0,7	2	0,01	-
Brandugla	1	0,7	1	0,01	-
Hettusöngvari	1	0,7	1	0,01	-
Hrímtittlingur	1	0,7	1	0,01	-
Stökkönd	1	0,7	20	0,14	-
Tyrkjadúfa	1	0,7	3	0,02	-
Enginn	10	6,5	0	-	-



1. mynd. Grápröstur á góðum degi. Ljósmynd Örn Óskarsson.